

Síldarvinnslan hf. Neskaupstað
Hafnarbraut 6
740 Neskaupstaður

Egilsstaðir, 6.6.2023
UST202301-267/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 10. maí 2023 - Síldarvinnslan, Neskaupstað

Þann 10. maí sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitskýrsla.

Eitt frávik var opið þegar eftirlitið fór fram, er varðar:

1. Gr. 2.4 og 3.23 í starfsleyfi. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Fimm ábendingar voru settar fram í eftirlitinu, er varða:

1. Öryggisblöð eru aðgengileg í verksmiðjunni en rekstraraðila er bent á að hafa þau aðgengileg þar sem efni eru geymd og notuð.
2. Geyma skal efni í lekabyttum og huga að árekstravörnum þar sem hætt er á að ílát verði fyrir hnjaski.
3. Rekstraraðila er bent á að láta annars vegar upplýsingar um rennsli í þeim frárennslisstraumum sem mældir eru og hins vegar rannsóknarniðurstöður, fylgja niðurstöðum frárennslismælinga.
4. Skila skal til Umhverfisstofnunar reiknuðum lokahraða á útblásturslofti um skorstein.
5. Sem fyrst skal mæla hávaða frá verksmiðjunni, skv. kröfum starfsleyfis.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Árið 2022 mældust TVN-gildi í hráefni sem unnið var í verksmiðjunni, fjórum sinnum yfir 100 mg N/100 g.
2. Gr. 2.6 í starfsleyfi. Viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda hefur ekki verið endurskoðuð í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

3. Gr. 4.4 og 4.1 í starfsleyfi. Ársyfirliti hefur ekki verið skilað, hvorki fyrir árið 2021 né árið 2022.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 27. júní 2023.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson